



**Varðandi: Barnavernd Akraneskaupstaðar lykiltölur 2016**

**Málsnúmer: 1611174**

**Dagsetning: 17.03.2017**

---

## **SAMÞYKKT VELFERÐAR- OG MANNRÉTTINDARÁÐS**

Sviðsstjóri og félagsmálastjóri kynntu niðurstöður greiningar Róberts Ragnarssonar stjórnisylufræðings á stöðu barnaverndar.

Velferðar- og mannréttindaráð leggur til við bæjarráð að heimild verði veitt fyrir nýju 100% stöðugildi á velferðar- og mannréttindasviði.

**Samþykkt velferðar- og mannréttindaráðs er hér með vísað til afgreiðslu bæjarráðs.**

---

## **GREINARGERÐ SVIÐSSTJÓRA**

Á 50. fundi velferðar- og mannréttindaráðs þann 30.11.2016 var farið yfir fjölda tilkynninga til barnaverndar Akraneskaupstaðar. Sviðsstjóra var falið að greina stöðu málaflokksins og leggja niðurstöður aftur fyrir fund ráðsins 22. mars 2017. Sviðsstjóri óskaði eftir samstarfi við Róbert Ragnarsson stjórnisylufræðing MA við greiningu á stöðu barnaverndar og samanburði við önnur sveitarfélög. Greinargerð Róberts á greiningu á stöðu málaflokks barnaverndar Akraneskaupstaðar liggur nú fyrir og eru helstu niðurstöður og tillögur til umbóta eftirfarandi:

### **Úr verklýsingu**

**Að beiðni Akraneskaupstaðar var unninn samanburður við eftirfarandi sveitarfélög:**

- Árborg
- Akureyri
- Mosfellsbæ
- Grindavík
- Hafnarfjörð

**Óskað var eftir samanburði á eftirfarandi þáttum:**

- Stöðugildafjöldi starfsmanna í barnavernd og heildarfjöldi í félagsþjónustu, þ.e. barnavernd annarsvegar og almenna félagsráðgjöf og fjárhagsaðstoð hinsvegar
- Fyrirkomulagi bakvakta og greiðslum (s.s. samningur, kjarasamningur, yfirvinnugreiðslur)
- Vinnulagi í barnavernd, eins og hægt er að koma því við.



Afurð verkefnisins verður greinargerð um samanburði við önnur sveitarfélög á ofangreindum þáttum. Mat á verklagi og vinnuálagi. Ráðgjafi skal leggja fram tillögur til úrbóta. Verklok eru eigi síðar en 17. mars 2017.

### Vinnsla verkefnisins

- Aflað var gagna frá Akraneskaupstað, ofangreindum sveitarfélögum og Barnaverndarstofu
- Viðtöl voru tekin við félagmálastjóra og yfirfélagsráðgjafa í barnavernd (*samantekt úr viðtölum er ekki birt þar sem óskað var eftir trúnaði í viðtölum*)
- Tillögur eru lagðar fram á grundvelli þeirra vísbendinga sem koma fram í gögnunum, auk þess sem byggt er á þekkingu og reynslu ráðgjafa af störfum í og fyrir sveitarfélög.

## Niðurstaða Róberts Ragnarssonar stjórnslufræðing MA og tillögur til umbóta

### Lagarammi um Barnaverndarstarf

Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 er barnaverndarnefndum sveitarfélaga falin ákveðin verkefni sem þeim ber lagaleg skylda til að sinna. Markmið laganna er að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það á við.

Í 2. mgr. 12. gr. laganna segir um hlutverk barnaverndarnefnda að skylt sé að aðstoða foreldra við að gegna forsjárskyldum sínum og grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt ákvæðum laganna ef nauðsyn beri til.

Barnaverndarnefndir starfa á vegum sveitarfélaga og eru fulltrúar kosnir af sveitarstjórn. Barnaverndarnefnd er þannig hluti af stjórnslu sveitarfélags, þó hún sé faglega óháð í störfum sínum. Í því felst m.a. að barnaverndarnefnd er bundin af fjárhagsáætlun sveitarstjórnar. Sé fyrirsjáanlegt að útgjöld nefndarinnar verði hærri en fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun, ber nefndinni að gera sveitarstjórn viðvart og eftir atvikum bregðast við á sama hátt

Mikilvægt er að hafa í huga að barnaverndarstarf er ekki einskorðað við starfsemi nefndarinnar sjálfar, heldur er um að ræða flókið samspil foreldra, annarra ættingja, skóla, frístundastarfs og heilbrigðisþjónustu. Úrræði barnaverndar geta verið hófleg til stuðnings fjölskyldu og allt yfir í vistun utan heimilis án samþykkis foreldra.

Allir sem hafa uppeldi og umönnun barna með höndum skulu sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi. Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna. Mikilvægt er að hafa réttindi og skyldur foreldra í huga við ákvarðanir um beitingu úrræða á grundvelli barnaverndarlaga.



Í 9. gr. barnaverndarlaga er áskilið að sveitarstjórn marki sér stefnu og geri framkvæmdaáætlun fyrir hvert kjörtímabil á sviði barnaverndar innan sveitarfélagsins. Í framkvæmdaáætlun ætti fyrirkomulag barnaverndarstarfs Akraneskaupstaðar að vera útlistað nánar. Slík áætlun hefur ekki verið unnin fyrir Akraneskaupstað, skv. upplýsingum frá sviðsstjóra. Því er ekki hægt að meta stefnu sveitarstjórnarstjórnar í málaflokknum.

### Helstu tímamörk varðandi málsmeðferð í barnaverndarlögum

Barnaverndarnefnd þarf að taka afstöðu til tilkynninga innan sjö daga frá því þær berast og taka ákvörðun um hvort ástæða sé til að hefja könnun eða láta málið niður falla.

Ákvörðun um beitingu viðeigandi úrræða, að könnun lokinni, skal að jafnaði liggja fyrir innan þriggja mánaða og eigi síðar en fjórum mánuðum eftir að ákvörðun var tekin um að hefja könnun. Forsenda fyrir beitingu úrræða er undirrituð áætlun um meðferð máls sem tilgreinir markmið með vinnslunni og hvaða leiðir skulu farnar til að ná þeim markmiðum.

Málsmeðferð barnaverndarnefndar skal vera í samræmi við stjórnsýslulög þegar teknar eru stjórnsýsluákvæðanir, þ.e. ákvæðanir um réttindi og skyldur manna. Þar skipta málsmeðferðarreglurnar mestu, þ.e. um málshraða, rannsóknarskyldu og meðalhóf við ákvörðun.

### Starfsumhverfi barnaverndarstarfsmanna

Vísbendingar eru um að álag á barnaverndarstarfsmenn á Íslandi sé almennt mikið. Barnaverndarstofa hefur í ræðu og riti vísað til þess að 25-35 mál væru hæfilegur fjöldi fyrir barnaverndarstarfsmann í fullu starfi, án þess þó að það sé opinbert viðmið stofunnar. Í Noregi og Svíþjóð hefur verið miðað við 15-30 mál, allt eftir eðli og þyngd þeirra. Nýlegar álagsmælingar samkvæmt svokallaðri Gautaborgaraðferð, sem nokkrar barnaverndarnefndir hafa framkvæmt að frumkvæði Barnaverndarstofu, gefa jafnframt vísbendingar um að álag og málafjöldi sé meiri en í Svíþjóð.

Í Herning í Danmörku hefur verið unnið að tilraunaverkefni þar sem málum á hvern barnaverndarstarfsmann er fækkað úr um 40 í 20-25. Nánar verður vikið að því verkefni síðar.

Af ársskýrslum Barnaverndarstofu að dæma er meðalmálafjöldi á hvern barnaverndarstarfsmann á Íslandi um og yfir 50 mál, sem er heldur hærra en viðmið stofunnar og norræn viðmið. Í könnun Steinunnar Hrafnadóttur meðal félagsráðgjafa og ráðgjafa Barnaverndar Reykjavíkur koma fram vísbendingar um að mikið vinnuálag, streita og þreyta sé viðvarandi ástand, sem hafi veruleg áhrif á starfsumhverfið.

Það eru því sterkar vísbendingar um að barnaverndarstarf á Íslandi búi almennt við mikið álag.

### Starfsumhverfi barnaverndar Akraness í samanburði við samanburðarhóp

Þegar litið er til kostnaðar við félagsþjónustu á hvern íbúa má sjá að Akraneskaupstaður er rétt undir vagnu landsmeðaltali hvort sem litið er til ársins 2015 eða 2016, sbr. Árbók sveitarfélaga. Sömu sögu er að segja af kostnaði vegna barnaverndarmála.



## Akraneskaupstaður

Sveitarfélag	Íbúafjöldi	Útgjöld til 02 kr/íbúa		Útgjöld til barnaverndar kr/íbúa	
	jan.2016	2014	2015	2014	2015
Akranes	6.908	134.000	147.000	6.349	6.363
Akureyri/Eyjafjörður	18.294	212.000	233.000	4.372	4.236
Árborg	8.206	121.000	143.000	6.667	9.404
Grindavík	3.126	116.000	120.000	6.424	6.835
Hafnarfjörður	28.189	111.000	123.000	10.051	7.863
Mosfellsbær	9.481	181.000	186.000	859	1.426

Sveitarfélagið Árborg er það sveitarfélag sem er með sambærilegastan kostnað í þessum málaflokki í krónum á íbúa. Rétt er að hafa í huga að kostnaður getur breyst mikið milli ára í samræmi við þyngd þeirra mála sem eru til vinnslu hverju sinni.

Íbúafjöldi á Akranesi er um 2% af heildaríbúafjölda Íslands. Börn eru hinsvegar heldur hærra hlutfall af íbúafjölda á Akranesi en landsmeðaltal, en börn eru um 27% af íbúum Akraness, en um 24% að landsmeðaltali. Fjöldi tilkynninga til barnaverndarnefndar Akraness eru um 2% af heildarfjölda tilkynninga á landinu, sem er í samræmi við íbúafjölda. Fjöldi mála á hver 1.000 börn eru hinsvegar nærri 50% fleiri en landsmeðaltal. Á Akranesi eru árlega 85-90 mál á hver 1.000 börn, meðan landsmeðaltal er um 60. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að fleiri tilkynningar verði að málum á Akranesi en að meðaltali á landinu.

Fjöldi mála í vinnslu hjá Barnavernd Akraneskaupstaðar er misjafn eftir árum, en vísbendingar eru um að þeim fari heldur fjölgandi. Að meðaltali eru rúmlega 140 mál til vinnslu árlega. Sé málum deilt niður á stöðugildi þeirra sveitarfélaga sem samanburðurinn nær til, má sjá að málafjöldi er talsvert hærri á Akranesi en annarsstaðar. Hvort sem litið er til hópsins, eða landsmeðaltals.

Sveitarfélag	Fjöldi mála pr/stöðugildi			
	2012	2013	2014	2015
Akranes	130,0	118,0	84,0	79,0
Akureyri/Eyjafjörður	68,5	52,0	57,0	53,5
Árborg	51,3	61,6	55,0	56,9
Grindavík	35,0	33,0	37,0	37,0
Hafnarfjörður	74,9	55,3	55,6	65,0
Mosfellsbær	58,5	45,5	45,0	53,5
Meðaltal skýrslu BVS			48,6	49,1

Barnaverndarstofa vinna að innleiðingu aðferðar til að mæla vinnuálag í barnavernd. Fyrirmyndin er sótt til Gautaborgar. Mælingin fer þannig fram að skráð er vinnuálag hjá hverjum starfsmanni fyrir sig þannig að yfirmenn fái betri yfirsýn yfir stöðuna á vinnustaðnum og á breytingum yfir tíma. Aðferðin mælir vinnuálag, en er ekki mælikvarði á gæði vinnunnar. Aðferðin hefur verið prófuð í ýmsum sveitarfélögum í Svíþjóð og reynst vel. Aðferðin er ekki fullmótuð og gagnreynd á Íslandi, en gefur ákveðnar vísbendingar um vinnuálag, á sama hátt og fjöldi mála. Mælingin nær betur að meta álag í hverju máli fyrir sig. Safnað var gögnum frá þeim hluta samanburðarhópsins sem hefur framkvæmt mat samkvæmt Gautaborgar aðferðinni.



Misjafnt er hve miklar kröfur eru gerðar til ráðgjafa í barnavernd eftir starfsreynslu. Æskilegur stigafjöldi ráðgjafa er eftirfarandi, miðað við starfsmann í fullu starfi:

- Ráðgjafi með meira en 5 ára starfsreynslu. 150 stig
- Ráðgjafi með 3-5 ára starfsreynslu. 138 stig
- Ráðgjafi með 1-2 ára starfsreynslu. 126 stig
- Ráðgjafi nýútskrifaður með 0-1 ára starfsreynslu. 120 stig

Í félagsþjónustuteymi Akraneskaupstaðar eru fjórir starfsmenn í fjórum stöðugildum. Félagsmálastjóri, félagsráðgjafi sem sinnir almennri félagsráðgjöf og fjárhagsaðstoð og tveir starfsmenn sem helga sig barnaverndarstarfi. Annars vegar yfirfélagsráðgjafi í fullu starfi með um 10 ára starfsreynslu og félagsráðgjafi í fullu starfi sem ráðin var tímabundið vegna fæðingarorlofs starfsmanns þangað til mars 2018. Sá starfsmaður er enn í þjálfun og því ekki búin að ná á fullum afköstum. Með vísan til viðmiða í Gautaborgaraðferðinni er æskilegur stigafjöldi starfsmanna í barnavernd á Akranesi því 150+120 stig, eða 135 stig að meðaltali á stöðugildi.

Sveitarfélag	Stig á stöðugildi að meðaltali	Æskileg stig á stöðugildi	Mismunur
Akranes	319	135	184
Akureyri/Eyjafjörður	N/A	N/A	
Árborg	226	150	76
Grindavík	N/A	N/A	
Hafnarfjörður	230	147	83
Mosfellsbær	96	90	6

Starfsmenn í öllum sveitarfélögum í samanburðarhópnum búa að jafnaði við meira álag en æskilegt er talið samkvæmt Gautaborgaraðferðinni. Starfsmenn hjá Akraneskaupstað búa við mun meira álag en hjá hinum sveitarfélögum.

Vísendingar eru um að álag á barnaverndarstarfsmenn á Akranesi sé meira en almennt gildir um barnaverndarstarfsmenn á Íslandi, sem þó starfa undir miklu álagi í samanburði við Norðurlöndin. Niðurstöður samanburðar við þau sveitarfélög sem talin eru upp hér að ofan gefa til kynna að álagið á barnaverndarstarfsmenn Akraness sé meira en í þeim sveitafélögum og hafi verið um árabíl. Ekki skiptir máli hvaða mælikvarða er litið á, fjöldi tilkynninga, fjöldi mála, álag samkvæmt Gautaborgaraðferðinni eða viðtöl við starfsmenn.

Í verkefnislýsingu var óskað eftir samanburði á starfsmanna- og stöðugildafjölda í barnavernd og almennri félagsþjónustu og fjárhagsaðstoð við samanburðarhópinn. Jafnframt var óskað upplýsinga um hvort starfsmenn væru sérhæfðir á hvoru sviði um sig, eða hvort þeir gengu í verkefni á öllum sviðum.



Sveitarfélag	Fjöldi starfsmanna í barnavernd	Fjöldi stöðugilda í barnavernd	Fjöldi stöðugilda í félagsráðgjöf	Deilt milli FEL og BV
Akranes	2	2	1,5	Nei
Akureyri/Eyjafjörður	6	6	N/A	N/A
Árborg	3	2,6		Já <sup>1</sup>
Grindavík	3	1	0,2	Já
Hafnarfjörður	9	8,8	4,0	Nei
Mosfellsbær	4	2	1,0	Já

Mjög misjafnt er hvernig skipulagi og starfsemi sveitarfélaga er háttað. Veltur það oftast en ekki á staðbundnum aðstæðum, svo sem aðgengi að hæfu starfsfólki og stærð sveitarfélagsins. Með nokkurri einföldun er hægt að segja að því stærri sem einingin er, því meiri er sérhæfingin. Á Akranesi er mikil aðgreining milli barnaverndarstarfs og annarra þátta félagslegrar þjónustu. Nokkuð samstarf er við þroskaþjálfara sem sinnir þjónustu við fötlun börn um að útvega úrræði, en að öðru leyti eru starfsmenn í barnavernd sjálfstæðir í sínum störfum og lúta ekki mikilli stjórn félagsmálastjóra eða sviðsstjóra. Að mati ráðgjafa er æskilegra að leita samlegðar í rekstri og veitingu þjónustu, en að auka sérhæfingu starfsmanna. Mikil sérhæfing í fámönnum einingum býður heim hættunni á því að þekking og hæfni tapist hratt úr skipulagsheildinni ef starfsmaður hættir störfum, eða er tímabundið frá. Eins er hætt við því að starfsmenn einblíni of mikið á sín verkefni, en líti ekki á það sem hlutverk allrar heildarinnar að leysa mál. Í félagsþjónustuteymi Akraneskaupstaðar eru fjórir félagsráðgjafar sem eru þjálfaðir til að sinna barnaverndarstarfi, þar á meðal er félagsmálastjóri með um 10 ára reynslu af barnaverndarstarfi. Auk þess er starfandi reynslumikill þroskaþjálfari sem sinnir þjónustu við börn með fötlun. Að mati ráðgjafa er æskilegt að nýta þann mannauð betur til að vinna með markvissari hætti í barnaverndarmálum.

Jafnframt er vert að vekja athygli á því að mikil tækifæri eru til samlegðar í þjónustu við börn með fötlun og börn sem njóta þjónustu barnaverndar. Að sama skapi eru tækifæri til samlegðar í rekstri þjónustu við fullorðna með fötlun og eldri borgara sem þurfa stuðning og þjónustu. Aukið þverfaglegt samstarf á sviði félagsþjónustu getur leitt til betri og skilvirkari þjónustu við notendur og skjólstæðinga.

## Bakvaktir

Eins og áður segir er hlutverk barnverndarnefnda að aðstoða foreldra við að gegna forsjárskyldum sínum og grípa til viðeigandi úrræða samkvæmt ákvæðum Barnaverndarlaga ef nauðsyn beri til. Eðli mála samkvæmt geta neyðartilvik komið upp á öllum tímum sólarhrings, en það kallar á að fulltrúi barnaverndarnefndar þarf að vera til taks utan hefðbundins skrifstofutíma.

Sveitarfélög leysa þau neyðartilvik sem koma upp utan hefðbundins skrifstofutíma með misjöfnum hætti. Sum sveitarfélög semja við yfirmenn félagsþjónustunnar eða aðra starfsmenn um að sinna þessu hlutverki og greiða sérstaklega fyrir það að vera til taks. Einnig eru dæmi um það að í fámönnum

<sup>1</sup> Í Árborg sinna sömu starfsmenn barnavernd og félagslegri ráðgjöf. Sérstakur starfsmaður sinnir fjárhagsaðstoðinni, virkni úrræðum og nokkrum málum í félagslegri ráðgjöf. Til skoðunar er að færa félagslega ráðgjöf af barnaverndarstarfsmönnum á aðra starfsmenn til að létta álagið hjá þeim.



## Akraneskaupstaður

sveitarfélögum að formenn barnaverndarnefnda eða jafnvel sveitarstjórar sinni þessu hlutverki. Æskilegt er að fagmenn sem almennt sinna barnaverndarstarfi gangi bakvaktir, bæði til að tryggja fagleg vinnubrögð við erfiðar aðstæður og til að stuðla að eðlilegri samfellu í vinnslu mála. Engar kvaðir eru þó í lögum eða reglum um menntun eða hæfni þeirra starfsmanna sem sinna bakvakt í barnavernd.

Starfsmenn í barnavernd hjá Akraneskaupstað hafa sagt upp samkomulagi um bakvaktir sem gilt hefur frá 1. febrúar 2013. Fjórir starfsmenn ganga bakvaktir, eina viku í senn. Launagreiðslur samkvæmt samkomulaginu hafa verið óbreyttar frá gildistöku. Launavísitala hefur hinsvegar hækkað um tæp 32% á sama tíma, en laun samkvæmt kjarasamningum eitthvað minna. Samanburður við ofantalin sveitarfélög gefur vísbendingar um að Akraneskaupstaður greiði sínum starfsmönnum minna fyrir bakvaktir en Árborg og Mosfellsbær og þau sveitarfélög sem fylgja kjarasamningi. Akraneskaupstaður greiðir hinsvegar meira en Grindavíkurbær, hvort sem litið er til launa eða frítökuréttar.

Álag á bakvöktum er mjög mismunandi milli sveitarfélaga. Ekki liggur fyrir óháð mat á álagi á bakvöktum milli sveitarfélaganna. Í greinargerð starfsmanna í barnavernd hjá Akraneskaupstað til sviðsstjóra kemur fram að starfsmenn fari að jafnaði í útkall í annarri hverri viku. Hægt er að dreifa álagi á bakvöktum með því að fjölga þeim starfsmönnum sem ganga bakvaktir, t.d. með því að proskapjálfi í félagsþjónustu gangi bakvaktir.

Við mat á því hvort til álita komi að gera breytingar á bakvaktarfyrirkomulagi er rétt að hafa í huga að tíu daga frítökuréttur samsvarar nærri hálfum mánaðarlaunum hvers starfsmanns. Í því felst talsvert virði fyrir launamanninn og skuldbinding fyrir vinnuveitandann. Fjörtíu daga frítökuréttur jafngildir því að einn starfsmaður sé frá í tvo mánuði, til viðbótar við almennan orlofsrétt. Starfsmaður í fullu starfi vinnur um 171 dag á ári. Orlofs- og frítökuréttur starfsmanna í félagsþjónustuteymi Akraness er um 160 dagar ári. Sú staðreynd kallar í raun á aukna mönnun í teyminu.

Undirritaður tekur undir þau sjónarmið starfsmanna að eðlilegt sé að endurskoða þær fjárhæðir sem greiddar eru fyrir bakvaktir, í ljósi almennrar launapróunar. Jafnframt er hægt að taka undir þau sjónarmið að það sé meira íþyngjandi að vera á bakvakt um stórhátíðir, eins og jól og páska, en á öðrum rauðum dögum. Því væri æskilegt að bæta við þriðja þrepi, til samræmis við það sem tíðkast í Árborg og Mosfellsbæ.

### Úrræði og kostnaður

Í viðtölum við félagsráðgjafa og yfirfélagsráðgjafa kemur fram að aðgengi að úrræðum í barnavernd er ekki nógu gott. Of mikill tími fari í að þróa og finna úrræði fyrir hvert mál. Sömu sögu hefur ráðgjafi heyrt frá öðrum barnaverndarnefndum. Til að setja úrræðaleyssið í samhengi mætti líkja þessu við pípara sem þarf að smíða nýja rörtöng fyrir hvert verkefni sem vinnur. Það eru örugglega tækifæri til nýsköpunar og aukinnar stöðlunar við úrræði í félagsþjónustu á Íslandi almennt.

Í viðtölum kom fram að mest þörf væri fyrir aukinn stuðning við foreldra inn á heimili. Jafnframt að aðgengi að sálfræðiþjónustu væri ekki nægilega gott á Akranesi. Eins kom fram að erfitt væri að nálgast vistunarúrræði og þau væru orðin mjög dýr.

Á félagsráðgjafafingri þann 24. febrúar síðastliðinn var haldið mjög áhugavert erindi um nýsköpunarstarf í barnavernd í Danmörku, um svokallað Herning model. Sú aðferðafræði byggir á



sænskri reynslu. Sveitarfélagið Hering hefur undanfarin ár unnið eftir nýrri aðferðafræði, sem hefur verið vöktuð af rannsóknarstofnun danskra sveitarfélaga, KORA. Kynningin er meðfylgjandi minnisblaði þessu.

Í sem allra stystu máli gengur verkefnið út á að finna sveigjanlegar og einstaklingsmiðaðar lausnir í nærumhverfi barnsins. Markmiðið er að draga úr vistunum með snemmtækri íhlutun. Einkennisorð verkefnisins eru „sérstök úrræði/lausnir, ekki sérstakir staðir“.

Lögð er áhersla á meiri nálægð málastjóra við vinnslu mála og meiri viðbragðsflýti. Þrír til sex mánuðir í lífi barns er langur tími, ekki síst barns sem er í vanda.

Gerð er krafa um meiri beina vinnu málastjórans í málinu, og minni aðkeypta vinnu. Tvöfalt meiri eftirfylgni er með málum en áður, sem skilar sér í markvissari vinnubrögð og meiri samfellu í vinnslu mála.

Aukinni kröfu um vinnslu málum var mætt með fækkun mála á hvern starfsmann, í að hámarki 25 mál.

### Árangur verkefnisins er mældur í:

- Meiri gæðum í þjónustu fyrir börnin og fjölskyldur
- Starfsumhverfi mælist betra
  - Álag er minna
  - Starfsfólk er stoltara af störfum sínum og það er meiri samvinna milli fagsviða, svo sem félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu og skóla
- Fleiri mál eru leyst snemma og færri og vistunarmál koma upp
  - Vísbendingar eru um að hægt sé að lækka kostnað vegna vistana um 30%. Undanfarin ár hefur árlegur kostnaður vegna vistana á vegum barnaverndar Akraness verið á bilinu 25-40 milljónir króna, sem er langdýrasta úrræðið á vegum barnaverndar og mest inngrip í líf barnsins
- Það mælast færri kvartanir og færri vistunarúrræði sem „springa“.

Ráðgjafi hvetur Akraneskaupstað til að skoða þessa aðferðafræði gaumgæfilega. Ef hún þykir áhugaverð, að þjóðast til að gerast tilraunasveitarfélag við að innleiða breytt verklag sem byggir á hugmyndafræði svokallaðs Hering-módelis. Farið verði fram á faglegan og fjárhagslegan stuðning Velferðarráðuneytisins og Barnaverndarstofnu, og sótt verði um *Framlag vegna sérstakra verkefna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga*. Jöfnunarsjóði er heimilt að greiða framlög til verkefna á vegum sveitarfélaga eða samtaka þeirra sem hafa að mati ráðgjafarnefndar sjóðsins mikla þýðingu fyrir sveitarfélögin og stuðla að þróun til hagræðingar í rekstri og/eða þjónustu sveitarfélaga.

## Tillögur

Þegar álag er of mikið er mikilvægt að skoða það frá öllum hliðum. Þegar hús er reist, þá miðast hönnunin við að álagi sé dreift á fleiri en eina stoð og að „hlassið“ í húsinu sé ekki í risinu, heldur á jarðhæð. Sú myndlíking á ágætlega við þegar horft er til skipulags velferðarþjónustu. Barnaverndin er í risinu. Þangað er erfiðara að komast, og ekki allir eiga þangað erindi. „Hlassið“ í þjónustunni ætti að vera á neðri hæðum, þar sem auðveldara er að dreifa álagi á margar stoðir og leysa málin hratt.





Togstreita milli faglegra sjónarmiða og fjárheimilda er algengt viðfangsefni í opinberri stjórnsýslu. Álag í starfsemi verður ekki alltaf leyst með því að fjölga stöðugildum. Nauðsynlegt er að horfa til fleiri þátta, svo sem breytinga í meðferð mála, nýsköpunar í þjónustu og síðast en ekki síst að taka ekki að sér verkefni sem foreldrar eða aðrar stofnanir bera ábyrgð á að leysa.

Að mati ráðgjafa eru vísbendingar um að mál sem eru til vinnslu í barnavernd ætti að leysa á öðrum vettvangi. Sem dæmi má nefna mál sem varða vanlíðan barna. Slík mál eru ekki barnaverndarmál fyrr en sýnt hefur verið fram á að foreldrar hafi vanrækt að leita aðstoðar fyrir barn sitt. Að barn þurfi aðstoð heilbrigðiskerfisins er ekki barnaverndarmál fyrr en foreldri vanrækir að leita aðstoðar. Lagt er til að skoðað verði kerfisbundið hvort slík mál séu til könnunar og eða meðferðar og vísa þeim þá til viðeigandi aðila, svo sem heilsugæslu eða að foreldrar leiti aðstoðar á markaði. Jafnframt að bæjarstjórn Akraness beiti sér fyrir því, í samskiptum við yfirvöld heilbrigðismála, að geðlæknis- og sálfræðipjónusta á Akranesi verði eflid.

Lagt er til að á tilkynningarfundum verði farið kerfisbundið yfir það hvort mál eigi frekar heima hjá heilbrigðisþjónustu, sýslumanni eða skólaþjónustu og þeim vísað til viðeigandi aðila ef svo ber undir.

### **Breytt verklag og viðbót**

Að mati ráðgjafa er ekki æskilegt að stuðla að mikilli sérhæfingu starfsmanna í tiltölulega fámennri starfseiningu, eins og félagsþjónustu Akranesskaupstaðar. Því er lagt til að verklagi og starfslýsingum starfsmanna verði breytt, þannig að störfin verði þverfaglegri. Markmiðið er að auka fjölbreytni í verkefnum starfsmanna og tryggja betur þekkingaryfirfærslu á milli starfsmanna.

Lagt er til að bætt verði við einu stöðugildi starfsmanns í félagsþjónustu. Verkefni þess starfsmanns verði að mestu í barnavernd, við könnun og meðferð mála. Í það minnsta í upphafi. Þeim starfsmanni verði jafnframt falið að vinna verkefni á sviði félagslegrar ráðgjafa og fjárhagsaðstoðar, og málefna fatlaðra barna til að stuðla að þekkingaryfirfærslu á milli verkefna í félagsþjónustu. Árlegur kostnaður við að bæta við einu stöðugildi er áætlaður 9- 10 milljónir kr. Jafnframt verði félagsmálastjóra og félagsráðgjafa í almennri félagsráðgjöf falið að vinna 5-10 mál hvorum um sig, á hverjum tíma. Könnun flóknari og stærri mála, svo sem kynferðisofbeldi gagnvart börnum eða alvarlegri áhættuhegðun verði á hendi þeirra starfsmanna sem sinna barnavernd að meginstarfi.

Lagt er til að leitað verði leiða til að bæta aðgengi að sálfræðipjónustu á Akranesi. Mögulega með því að nýta þá sálfræðinga sem eru í á skólasviði til að taka ákveðinn fjölda meðferða á ári, og/eða ráða sálfræðing sem sinnir bæði skóla- og félagsþjónustu.

### **Úrræði**

Lagt er til að innleidd verði foreldrafærni- og uppeldisráðgjöf í samstarfi skóla- og félagsþjónustu Akraneskaupstaðar. Fyrirmyndir er hægt sækja til Grindavíkur, Akureyrar, Reykjanesbæjar og Hafnarfjarðar. Til eru gagnreyndar aðferðir við að efla foreldrafærni, svo sem PMTO og SOS-foreldrafærni.

Sett verði af stað verkefni um nýsköpun og þróun varðandi úrræði í barnavernd og málefnum fatlaðra. Markmið verkefnisins verði að starfsmenn barnaverndar og í málefnum fatlaðs fólks verji ekki of miklum tíma í að leita úrræða, og ná fram samlegð í úrræðum milli barnaverndar og málefna fatlaðra



## Akraneskaupstaður

barna, og skóla- og frístundastarfs. Leitað verði samstarfs við önnur sveitarfélög og eftir atvikum Barnaverndarstofu við að útbúa „verkfærakistu“ sem málstjórar í barnavernd og málefnum fatlaðra geta notað hratt og örugglega.

Lagt er til að ákveðnum starfsmanni, svo sem nýjum starfsmanni eða þroskaþjálf, verði falið að halda utanum úrræði og þjálfu starfsfólks til að sinna liðveislu/persónulegri ráðgjöf og stuðningi inn á heimili hvort sem er að ræða mál er varða fatlanir eða barnavernd. Beitt verði þeim aðferðum í foreldrafærni sem skóla- og félagsþjónusta Akraneskaupstaðar ákveður að innleiða til að leggja áherslu á forvarnir og eflingu foreldrafærni. Kannaðir verði möguleikar á að ná fram samlegð með öðrum störfum hjá Akraneskaupstað. Svo sem með því að auka við starfshlutföll starfsmanna sem hafa hæfni eða menntun á þessu sviði, til dæmis þroskaþjálf og annað uppeldismenntað starfsfólk.

### Bakvaktir

Lagt er til að starfsmönnum verði boðin endurnýjun á gildandi samningi sem feli í sér að greiðslur hækki sem nemi hækkun kjarasamningi félagsráðgjafa, eða launavísitölu frá gildistöku, og verði sambærilegar við það fyrirkomulag sem er í gildi í Mosfellsbæ. Kostnaður við þá breytingu er áætluð um 1 milljón króna árlega. Gildistími samkomulagsins verði til næsta kjarasamnings Sambands íslenskra sveitarfélaga við félagsráðgjafafélag Íslands. Þá verði staðan metin að nýju með tilliti til breytinga sem leiða af starfsmati og hvaða ákvæði gildi um bakvaktir í nýjum kjarasamningi. Hafni starfsmenn tillögunni, verði öðrum starfsmönnum Akraneskaupstaðar boðið að taka að sér að sinna bakvöktum í barnavernd á þessum kjörum.

Svala Hreinsdóttir

sviðsstjóri velferðar- og mannréttindasviðs